

Vopnafjarðarhreppur
Hamrahlíð 15
690Vopnafjörður

Reykjavík, 19. apríl 2021
UST202103-098/S.M.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 15. desember 2020 þar sem óskað var eftir uppfærðri úrbótaáætlun vegna frávik er fram komu við eftirlit 16. september 2019. Stofnuninni barst úrbótaáætlun rekstraraðila þann 16. apríl sl.

Frávikin eru eftirfarandi:

- 1. Gr. 1.2 í starfsleyfi.** Óheimilt er að geyma úrgang, annan en brotamálm sem rúmast í einum gámi, á urðunarstaðnum. Gamlir olúgeymar, eldiskví og flotkúlur skal fjarlægja og koma til endurvinnslu. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila eru á urðunarstaðnum gamlir tómir olútankar frá N1 sem hafa ekki enn verið fjarlægðir þrátt fyrir ítrekanir um að það sé gert. Síðustu upplýsingar sem lágu fyrir var að stefnt væri á að fjarlægja þá. Einnig er afgangur af gamalli eldiskví úr plasti og bobbingar sem endurvinnsluaðilar vilja ekki taka við. Rekstraraðili hyggst því til að skera þetta niður og urða.**
- 2. Gr. 3.2 í starfsleyfi.** Koma skal í veg fyrir að vatn safnist í úrganginn. Við eftirlit var vatn í gryfjum fyrir lífrænan – og heimilisúrgang. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hafa skurðir verið grafnir og hreinsaðir en staðan á grunnvatni sé mjög breytileg eftir tíðafari. Rekstraraðili hyggst skoða hvort hægt sé að dýpka skurðinn ofan og niður með urðunarstaðnum.**
- 3. Gr. 3.3 í starfsleyfi.** Leiða skal allt vatn sem safnað er í hreinsivirki áður en það er leitt í Skógalón. Rekstraraðili hefur ekki útbúið hreinsivirki fyrir sigvatn en frestur til framkvæmdanna var 1. ágúst 2019. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hafa orðið miklar breytingar á flæði vatns frá urðunarstaðnum með tilkomu Norðausturvegar neðan við urðunarstaðinn. Staðsetning hreinsivirkis og mælibrunna neðan Norðausturvegar þjóni því ekki tilgangi sínum við hreinsun sigvatns frá urðunarstaðnum. Rekstraraðili hefur því sótt um breytingu á starfsleyfi hvað varðar hreinsun sigvatns frá urðunarstaðnum.**
- 4. Gr. 5.1 í starfsleyfi.** Skráningar vegna tl. 4 og 8-12 eru ekki fullnægjandi. Ekki er nóg að vísa í veðurfarsmælingar heldur skulu þær fylgja skýrslu um niðurstöður skráninga. **Við eftirlit 2020 hafði rekstraraðili skilað inn fullnægjandi skráningum fyrir töluliði aðra en 4 og 12. Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður bætt úr þessu fyrir næstu skil.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur